

114
25. maí

laga, höfðum falið syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins Knud Christian Frederik Michael að hafa á hendi í fjarvist Vorri.

Gjört á Amaliuborg, 25. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

115
28. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að við athuganir í sambandi við stofnun sölufélags fiskframleiðenda, samkvæmt því sem ráð er fyrir gert í 2. málgr. 4. gr. laga 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., hafi það komið í ljós, að æskilegt væri að lækka nokkuð það lágmarksákvæði, sem þar er sett um þátttöku, og ennfremur að nauðsynlegt sé að kveða nokkuð nánar, en gert er í fyrnefndri lagagrein, á um það, hverjir geti verið þátttakendur í slíku félagi, og réttindi þeirra, svo og um íhlutunarrétt ríkisstjórnarinnar, jafnframt því að rýmkað yrði nokkuð um atkvæðisrétt einstakra meðlima félagsins. Þá er það og æskilegt, að ákveðið verði nánar um samstarf fiskimálanefndar og slíks sölufélags, einkum að því er varðar sölu saltfiskjar á nýja markaði, eða með breyttum verkunaraðferðum. Með því að svo er ástatt, sem að ofan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

2. málsgrein 4. gr. nefndra laga orðist svo: Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflýttjandi og hefir umráð yfir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundradshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög: Félagið skal vera opið fiskframleiðendum

þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga, hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert og kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra að félaginu skuli veitt útflutningsleyfi fyrir meiru en 65% af saltfiskframleiðslunni, og hefir hann þá rétt til að tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefir eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn er hann hefir umfram tilskilið lágmark þannig, að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd. verði jafnan minnst þeim mun riflegri en hinna, sem svarar til mismunar á tilsildu lágmarksfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga sem eru þátttakendur.

2. gr.

Orðin „og njóta um það jafnréttis við hið almenna fisksölusamlag“ í lok 3. málsgreinar 4. gr. skulu falla niður.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi: Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2. málsgrein 4. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslunni og á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar þær upplýsingar, er hún óskar, um sölu og útflutning fisks, fiskimálanefnd kann að sjá um sölu á, samkv. 2. gr., og aðgang að skjölum þar að lútandi, enda skal félagið láta fiskimálanefnd fá til umráða nægan fisk til nauðsynlegra tilraunasendinga á nýja markaði og annarar nýbreytni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.